

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi í landi Kiðjabergs, tvö frístundahús á Langatanga, Grímsnesi.

Deiliskipulagið nær yfir 5,4 ha svæði sem afmarkast af Hvítá og jarðarmörkum Kiðjabergs og Hests. Um er að ræða lóð með tveimur byggingarreitum þar sem heimilt er að reisa eitt hús á hvorum reit, allt að 200 m², ásamt aukahúsum innan byggingarreits allt að 25 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2007.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2007